

Tilmæli 18/2024
Tillaga A 1964/UVN
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 18/2024

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar norrænu ríkisstjórnanna við tilmælum 18/2024 um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- at finna ný verkfæri til að vinna gegn rasisma og annarri öfgahyggju
- at gera áætlun/áætlanir um hvernig ríkisstjórnirnar hyggjast fylgja eftir tillögnum í skýrslunni um þróun hægriöfgahyggju á Norðurlöndum frá 1918 til dagsins í dag og gefa Norðurlandaráði skýrslu um það á næstu 12 mánuðum

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Ríkisstjórnir Norðurlandanna þakka Norðurlandaráði fyrir að taka þetta mikilvæga málefni fyrir. Í þessu svari er því lýst til hvaða aðgerða gegn rasisma og öfgahyggju ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa gripið í sameiningu og hver fyrir sig. Þessar aðgerðir samsvara þeim eftirfylgjaðgerðum sem nefndar eru í [skýrslunni](#)¹.

Norrænu dómsmálaráðherrarir samþykktu í september 2024 [áætlun á sviði dómsmála 2025–2030](#)² í áætluninni er lögð sérstök áhersla á að standa vörð um grundvallarreglur réttarríkisins og lýðræðis sem og að fyrirbyggja og sporna gegn öfgahyggju, hryðjuverkastarfsemi og skipulagðri glæpastarfsemi. Norrænu ríkisstjórnirnar vilja efla vinnu gegn mismunun og vinnu við vernd grundvallarmannréttinda með samstarfi á sviði dómsmála (MR-JUST). Samkvæmt samstarfsáætluninni eru útbreiðsla öfgahyggju og öfgahópar sem eru reiðubúnir til að beita ofbeldi sameiginleg áskorun Norðurlandanna og þessi öfl geta ógnað lýðræðinu og samheldni í löndunum okkar. Unnið er gegn brotastarfsemi með öflugum norrænum samstarfi. Á meðal undirmerkmidda norrænu samstarfsáætlunarinnar á sviði dómsmála er að auka þekkingu, bjóða upp á vettvang til

¹ <https://pub.norden.org/temanord2023-503/recommendations-and-areas-for-future-research.html>

² <https://pub.norden.org/politknord2024-768/>



að bera saman reynslu og að greina hvaða breytinga kunni að vera þörf á sviði forvarna og baráttu gegn brotastarfsemi, hryðjuverkum og öfgahyggju. Annað markmið er að vinna í sameiningu að því að þróa rannsóknaraðferðir í samræmi við ESB-löggjöf og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar/mannréttindayfirlýsingar.

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa undanfarin ár fjármagnað ýmis verkefni á svið dómsmála, sérstaklega til að berjast gegn öfgahyggju, þar á meðal málþing fyrir öryggisyrfirvöld við Varnarmannaháskólann í Svíþjóð (Försvarshögskolan) um umhverfi öfgahyggju. Norðurlöndin starfa saman með tengslanetinu Nordic Safe Cities, sem stofnað var árið 2016 með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Tengslanetið veitir norrænum borgum stuðning í samræmi við ólíkar þarfir þeirra, meðal annars með því að efla lýðræði og þróa starfsaðferðir til að vinna gegn aðskilnaði, rasisma, mismunun og öfgahyggju. Sem stendur tekur 21 borg þátt í tengslanetinu. Tengslanetið Nordic Safe Cities hélt í nóvember 2024 ráðstefnuna „Nordic Democracy Forum“, þar sem eitt meginþemað var „Hvernig má útfæra mismunandi aðgerðir sem skapa örugg búsetusvæði, koma í veg fyrir aukinn aðskilnað og koma í veg fyrir glæpastarfsemi og að glæpasamtök nái til barna og ungmenna?“. Dómsmálasvið Norrænu ráðherranefndarinnar (MR-JUST) tók þátt í fjármögnun og framkvæmd viðburðarins ásamt Nordic Safe Cities. Samstarfið MR-JUST og Nordic Safe Cities heldur áfram árið 2025 og markmiðið er að halda viðtækan viðburð fyrir sérfræðinga í mótstöðuafli lýðræðisins.

Auk þess hefur þema árlegra funda dómsmálaráðherranna síðustu ára verið skipuleg alþjóðleg glæpastarfsemi og hefur miðlun þekkingar og reynslu af áskorunum í því sambandi, sem og umræður um mismunandi leiðir landanna til að finna lausnir, gengt lykilhlutverki. Þessi upplýsingaskipti munu halda áfram í framtíðinni.

Norrænu ráðuneytin sem hafa þetta málefni á sinni könnu vinna með miðstöðvum og tengslanetum í löndunum að því að fyrirbyggja öfgahyggju, bæði innanlands og á Norðurlöndum, að því að þróa góðar starfsvenjur gegn öfgahyggju og rasisma og að því að skapa nýjar starfsaðferðir. Hvað varðar norrænt samstarf var þegar árið 2015 til norrænt tengslanet embættismanna sem bera ábyrgð á fyrirbyggjandi aðgerðum vegna ofbeldisfullrar öfgahyggju. Árið 2024 þróuðu Miðstöð gegn ofbeldisfullri öfgahyggju í Svíþjóð og Miðstöð skráningar og aðgerða gegn öfgahyggju í Danmörku að eigin frumkvæði norrænt tengslanet til að skiptast á þekkingu og reynslu. Tveir fundir voru haldnir árið 2024, einn í Svíþjóð og annar í Danmörku. Á fundunum var meðal annars gefin betri innsýn í raunverulega stöðu mála, upplýsingar og bestu starfsvenjur á sviði forvarna og baráttu gegn ofbeldisfullri öfgahyggju.

Norrænu ríkisstjórnirnar taka einnig virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Í gegnum alþjóðlega starfsemi er skipst á upplýsingum um ólíka reynslu landanna og góðar starfsvenjur og rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir. Í Evrópusambandinu bera aðildarríkin ábyrgð á að koma í veg fyrir útbreiðslu ofbeldisfullrar öfgahyggju. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þróa og samræmir þetta starf á vettvangi ESB og styður samstarf



milli aðildarríkja. Ofbeldisfull öfgahyggja breytist hratt og því er mikilvægt að geta brugðist hratt við nýrri þróun. Til dæmis er hægt að kynna tileinka sér hugmyndir og hugmyndafræði frá mörgum ólíkum áttum í gegnum netið og ekki er nauðsynlegt að tilheyra aðeins einum samtökum. Slík útbreiðsla öfgastefnu, sem fer fram í gegnum netið, mun að öllum líkindum beinast í auknum mæli gegn börnum og ólögráða einstaklingum í framtíðinni. Innan ramma þekkingarmiðstöðvarinnar „Knowledge Hub for Prevention of Radicalisation“ á vegum Evrópusambandsins er í gangi norrænt verkefni um kortlagningu á þróun öfgahyggju á Norðurlöndum og þeim styrkleikum sem norrænu ríkin geta nýtt í baráttunni gegn þessari ógn. Strúktúr og stuðningur framkvæmdastjórnar ESB er einnig mikilvægur norrænu löndunum í baráttunni gegn rasisma. Mikilvægt forgangsmatið starfshópsins sem á vettvangi ESB vinnur gegn rasisma er að styðja aðildarríkin þegar þau vinna landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar gegn rasisma. Ríkisstjórnir Finnlands, Svíþjóðar og Noregs hafa samþykkt landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar gegn rasisma. Danmörk vinnur að aðgerðaáætlun.

Landsbundnar aðgerðir norrænu ríkjanna

Í Finnlandi hefur lengi verið unnið með markvissum hætti að því að leita nýrra leiða í baráttunni gegn rasisma og öfgahyggju. Sumarið 2024 var fjórða [aðgerðaáætlun landsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldisfullri öfgahyggju og ofbeldisfullri öfgavæðingu](https://julkaisut.valtioneuvosto.fi/handle/10024/165761)³. Í aðgerðaáætluninni eru settar fram aðgerðir til að fyrirbyggja og sporna við ofbeldisfullri öfgahyggju og öfgavæðingu. Aðgerðaáætlunin inniheldur alls 43 aðgerðir sem skipt er niður á landsbundið, svæðisbundið og staðbundið stig og einnig starf á einstaklingsgrundvelli. Unnið er að því að fyrirbyggja ofbeldisfulla öfgavæðingu og öfgahyggju með samstarfi á landsbundnum vettvangi en einnig með samstarfsneti fyrir staðbundið forvarnarstarf. Akkerishópar bera fyrir sitt leyti ábyrgð á forvarnarstarfi sem beinist að einstaklingum í samræmi við meginreglur akkerishópanna. Árin 2020-2024 var 1,7 milljónum evra varið í sérstakan stuðning til að berjast gegn ofbeldisfullri öfgahyggju í Finnlandi. Frá árinu 2024 hafa verið þróaðar starfsaðferðir og vinnufyrirkomulag til að koma í veg fyrir að götugengi laði að nýja meðlimi og ofbeldisfulla öfgavæðingu. Þau verkefni sem hafa fengið fjármögnun hafa verið framkvæmd á ýmsum stöðum í Finnlandi. Núverandi ríkisstjórn vinnur að brotaþolaáætlun sem miðar að því að tryggja stuðningsþjónustu fjármögnun og bæta stöðu brotaþola í sakamálum. Markmið áætlunarinnar er að tryggja fjármögnun stuðningsþjónustunnar og bæta stöðu brotaþola í sakamálum. Eitt af markmiðunum í stefnu ríkisstjórnarinnar í afbrotamálum er að styðja brotaþola. Í finnskum fangelsum og við framkvæmd dóma um samfélagsþjónustu í Finnlandi er unnið að því að fyrirbyggja ofbeldisfulla öfgavæðingu. Fangelsismálastofnun býr yfir getu, aðferðum og verkfærum til að fyrirbyggja ofbeldisfulla öfgavæðingu. Vinnan við að koma fólki undan ofbeldisfullri öfgahyggju (RADI) og skipulagðri brotastarfsemi (JR-Exit) heldur áfram hjá fangelsismálastofnun með sameiningu þessara tveggja starfssviða. Til að fyrirbyggja ofbeldisfulla öfgahyggju og öfgavæðingu er einnig

³ <https://julkaisut.valtioneuvosto.fi/handle/10024/165761>



mikilvægt að samstarf milli stofnana og samstarf við aðila í öðrum geirum gangi vel. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið út [yfirlýsingu um að stuðla skuli að jafnri meðferð, jafnrétti og engri mismunun í finnsku samfélagi](#)⁴. [Aðgerðaáætlun](#)⁵ hefur verið gerð innan ramma yfirlýsingarinnar, en hún inniheldur aðgerðir til að bæta aðstæður í samfélaginu og tengsl milli ólíkra þjóðfélagshópa, auka vitund um áskoranir og ólíkar lausnir og til að vinna gegn rasisma og mismunun, sérstaklega á vinnumarkaði og í menntakerfinu. Einnig er lögð meiri áhersla á að efla og miðla þeim aðgerðum sem þegar skila góðum árangri. Auk hins opinbera þurfa einkaaðilar einnig að taka þátt í þessu starfi. Við framkvæmd áætlunarinnar er einnig unnið á breiðum grundvelli með borgarasamfélaginu. Þær aðgerðir sem í aðgerðaáætlunin felur í sér snúast meðal annars um að bæta andrúmsloftið í samfélaginu og auka samráð um akkerisstarfsemi og málefni uppeldis, menntunar, menningar, íþróttar og ungmenna.

Í **Noregi** skilaði nefnd um öfgahyggju greinargerð sinni [NOU 2024:3](#)⁶ til ríkisstjórnarinnar í mars 2024. Greinargerðin fjallar um sameiginlegar aðgerðir gegn öfgahyggju og bætt skilyrði fyrir forvarnarstarf. Greinargerðin inniheldur 41 tillögur sem skiptast niður á fjögur svið: 1) Bætt skipulag og samstarf með aukinni skuldbindingu, 2) Bætt þekking og geta í forvarnarstarfi, 3) Bætt nýting tækifæra til að hafa áhrif á jaðarsetta hópa og 4) Aukinn stuðningur við lýðræði og mannréttindi. Ríkisstjórnin mun fylgja greinargerðinni eftir með yfirlýsingu Stórbingsins um forvarnir gegn öfgahyggju vorið 2025. [Landsáætlun gegn hryðjuverkum](#)⁷ var lögð fram árið 2021 og endurskoðuð árið 2022. Áætlunin er grundvöllurinn fyrir sameinaðar og fjölþjóðlegar aðgerðir til að fyrirbyggja öfgavæðingu og koma í veg fyrir hryðjuverk. Áætlunin felur í sér fimm aðgerðasvið: 1) Þróun regluverks, 2) Tækniþróun, 3) Samskipti um ógnir, 4) Þekkingu og færni og 5) Samstarf. Áætlunin setur aðgerðir sem eiga að tryggja að við leysum mikilvægustu áskoranirnar fyrst í sérstakan forgang. Árið 2014 lagði þáverandi ríkisstjórn fram landsbundna framkvæmdaáætlun um öfgavæðingu og ofbeldisfulla öfgahyggju. [Framkvæmdaáætlunin hefur verið endurskoðuð mörgum sinnum, síðast árið 2020](#)⁸. Áætlunin er lifandi og inniheldur aðlagðar og nýjar aðgerðir sem eru í samræmi við þróunina. Aðgerðasviðin eru þekking og færni, samstarf og samræming, að koma í veg fyrir að öfgaumhverfi dafni, að fyrirbyggja öfgavæðingu og nýliðun á netinu og alþjóðlegt samstarf. Áætlunin felur í sér aðgerðir gegn hvers konar öfgahyggju. Samstarf sem teygir sig yfir mismunandi málefnasvið og samfélagsgeira er í miðpunkti, bæði yfir allt landið og staðbundið. Ríkisstjórnin lagði fram [framkvæmdaáætlun gegn rasisma og mismunun](#)⁹

⁴ <https://julkaisut.valtioneuvosto.fi/handle/10024/165111>

⁵ <https://julkaisut.valtioneuvosto.fi/handle/10024/165804>

⁶ <https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/nou-2024-3/id3027182/>

⁷ https://www.regjeringen.no/contentassets/a74960882df34d28a5e272071b4e7d80/nasjonal-kontraterrorstrategi_revidering-2022.pdf

⁸ <https://www.regjeringen.no/contentassets/a7b49e7bffa4130a8ab9d6c2036596a/handlingsplan-mot-radikalisering-og-voldelig-ekstremisme-2020-web.pdf>

⁹ <https://www.regjeringen.no/contentassets/8da2b05800224771a3548ba4007817e4/no/pdfs/handlingsplan-mot-rasisme-og-diskriminering.pdf>



árið 2023. Framkvæmdaáætlunin beinist sérstaklega að leiðinni inn á vinnumarkaðinn og upp hann en einnig að rasisma og mismunun sem ungt fólk upplifir. Árið 2014 lagði ríkisstjórnin fram bæði [framkvæmdaáætlun gegn gyðingahatri](#)¹⁰ og [framkvæmdaáætlun gegn fordómum gegn múslimum](#)¹¹. Þessar framkvæmdaáætlanir eru hluti af vinnu ríkisstjórnarinnar að því að efla og endurnýja baráttu gegn rasisma, hatri og mismunun vegna uppruna og trúar. Okkur er kunnugt um þær áskoranir sem nefndar eru á vefsíðu Norrænu ráðherranefndarinnar um skýrslu Segerstedtinstitutet um hægriöfgar í Noregi frá árinu 1918 til dagsins í dag. Í tengslum við það getum við nefnd að norska dómsmála- og viðbúnaðarráðuneytið fjármagnaði skýrslu um [hægriöfgar í Noregi](#)¹². Skýrslan var unnin af C-REX – miðstöð fræða um öfgahyggju árið 2018, og var hún hluti af þekkingargrunni fyrir þróun stefnu og nýrra aðgerða á þessu sviði, meðal annars hvað varðar fullorðna hægriöfgasinna.

Í Svíþjóð samþykkti ríkisstjórnin í janúar 2024 nýja sameinaða [áætlun gegn ofbeldisfullri öfgahyggju og hryðjuverkum](#)¹³: Fyrirbyggja, hindra, vernda og bregðast við. Áætlunin nær til hvers konar ofbeldisfullrar öfgahyggju en einnig andlýðræðislegra hreyfinga og tengslaneta sem geta verið gróðrarstía neikvæðrar þróunar í samfélaginu. Í Svíþjóð er hugtakið „hatursglæpur“ yfirheiti hatursglæpa gegn þjóðfélagsþópum og ólöglegar mismununar sem og grundvallar sérstakrar refsiaukningar skv. 7. lið 2.gr. 29. kafla hegningarlaga. Í áætluninni kemur fram að mikilvægt er að fagfólk búi yfir nægilegri þekkingu á slíkum glæpum til að það geti fljótt borið kennsl á áhrifaglæpi eða hatursglæpi sem tengjast ofbeldisfullri öfgahyggju og hryðjuverkum. Enn fremur kemur fram að yfirvöld eigi að halda áfram að þróa miðlun þekkingar og reynslu af hatursglæpum og glæpum sem ógna lýðræðinu í þeim tilgangi að hindra fjármögnun slíkra glæpa og bæta tækifærin til að greina hugmyndafræðilega þætti í mismunandi tegundum glæpa. Stafrænn vettvangur, þar á meðal tölvuleikir, gegnir mikilvægu félagslegu hlutverki, en hefur einnig dekkri hliðar þar sem m.a. má finna rasisma, kynjamismununar og andlýðræðislegar skoðanir. Aðilar innan öfgaumhverfis nýta slíkan vettvang einnig til að dreifa áróðri og andlýðræðislegum boðskap. Rannsóknarstofnun sænska hersins (Totalförsvarets forskningsinstitut) hefur frá árinu 2022 haft það verkefni að kortleggja og greina rasisma og ofbeldisfulla öfgahyggju í stafrænu umhverfi. Í desember 2024 samþykkti ríkisstjórnin [framkvæmdaáætlun gegn rasisma og hatursglæpum](#)¹⁴. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að stuðla að því að starf á þessu sviði verði markvisst og mælanlegt og horfi til langs tíma. Sérstök áhersla er lögð á fjögur svið: Skóla,

¹⁰ <https://www.regjeringen.no/contentassets/962f310995e349fbbea77927473556co/no/pdfs/handlingsplan-mot-antisemittisme-2025-2030.pdf>

¹¹ <https://www.regjeringen.no/contentassets/fd16a9e7ebc9441183a2b901a4b93edf/no/pdfs/handlingsplan-mot-muslimfiendtlighet-2025-2030.pdf>

¹² <https://www.sv.uio.no/c-rex/aktuelt/aktuelle-saker/2018/rapport-om-hoyreekstremisme-i-norge.html>

¹³ <https://www.regeringen.se/contentassets/e30421686167432d87cfb77f7be2a6dad/nationell-strategi-mot-valdsbejakande-extremism-och-terrorism--forebyggja-forhindra-skydda-och-hantera-skr-20232456/>

¹⁴ <https://www.regeringen.se/contentassets/c2591c789c8a4e57b6aa8f82c8ada2ab/slutversion-handlingsplan-mot-rasism-och-hatbrott-tillganlig-241212.pdf>



réttarkerfið, vinnumarkað, og velferð og opinbera starfsemi Vinnunni verður fylgt eftir með undirmarkmiðum sem tengjast þessum áherslusviðum. Framkvæmdaáætlunin felur í sér almennt átak í baráttunni gegn rasisma en henni er einnig ætlað að með ýmsum aðferðum vekja athygli á og vinna gegn afmörkuðum gerðum rasisma gegn múslimum, Gyðingum, svörtum, Rómönnum og Sömum.

Danmörk telur að engin – óháð bakgrunni eða uppruna – eigi að verða fyrir rasisma eða mismunun. Öll í Danmörku verða að hafa jöfn tækifæri og rétt til að nýta möguleika sína, leggja sitt af mörkum vinnumarkaði og taka virkan þátt í samfélaginu. Í Danmörku reynum við að skapa fjölbreytt samfélag þar sem rými er fyrir öll til að vera þau sjálf án ótta við mismunun eða rasisma. Fólk af öðrum uppruna getur orðið fyrir fordómum og áreitni einungis vegna útlits síns. Það er með öllu ósamrýmanlegt þeim gildum sem við viljum halda á lofti í dönsku samfélagi. Í Danmörku er nú þegar að finna ýmsar reglur um rasisma og mismunun, þ.m.t. lög um mismunun, lög um jafnrétti hvað varðar uppruna og b-lið 266. gr. hegningarlaga. Auk þess leggja stofnanir og borgarasamfélagið sitt af mörkum í daglegu lífi. Þar að auki vinnur ríkisstjórn Danmerkur að gerð landsbundinnar framkvæmdaáætlunar gegn rasisma. Markmiðið með framkvæmdaáætluninni er að vinna gegn rasisma í samfélaginu með röð verkefna. Í framkvæmdaáætluninni verður fjallað um baráttu gegn rasisma þáttum sem eru mikilvægir í hversdegi danskra þegna. Auk þess verður sérstök áhersla lögð að aðgerðir gegn rasisma og fordómum gegn Grænlandingum. Vinnan að hinni dönsku framkvæmdaáætlun gegn rasisma er á lokastigi og þess er vænst að hún verði gefin út í náinni framtíð. Auk þess kynnti ríkisstjórnin ásamt hinum flokkunum á danska þinginu í júní 2024 tólf nýjar aðgerðir í baráttunni gegn gyðingahatri. Þær bætast við hina fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun gegn gyðingahatri frá því í janúar 2022. Aðgerðirnar frá því í júní 2024 fela m.a. í sér skoðun refsiréttar og markvissar aðgerðir gegn gyðingahatri á netinu. Auk þess er unnið að aðgerðum á skóla- og menntasviði og auknum rannsóknum og upplýsingum.

Á Íslandi hefur ríkisstjórnin undanfarin ár lagt áherslu á að vernda jaðarsetta hópa frá hatursglæpum og hatursorðræðu, með sérstakri áherslu á að auka vitund og efla réttarfarslegar aðgerðir. Árið 2022 var almennum hegningarlögum breytt til að leyfa þyngri refsingar við brotum sem teljast til hatursglæpa, nánar tiltekið brotum sem rekja má til þátta á borð við þjóðernisuppruna, kynþátt, trúarbragða, fötlunar, kynvitundar og kynhneigðar. Einnig hefur verið þróuð áætlun um þjálfun lögreglu við meðhöndlun hatursglæpa. Sérstök áhersla hefur verið lögð á vitund almennings, þar á meðal með herferð sem vakti athygli á skaðlegum áhrifum hatursorðræðu á einstaklinga og samfélagið.

Landsstjórn **Álandseyja** hefur samþykkt lýðræðisáætlun fyrir tímabili 2025 – 2031 og aðgerðaáætlun fyrir lýðræðisáætlun tímabilsins 2025 – 2027. Í lýðræðisáætluninni kemur fram að rasismi er áskorun fyrir lýðræðið. Til að standa vörð um grundvallarreglur



Lýðræðisins þarf að fordæma rasisma og hvers konar mismunun. Það að vinna gegn og fyrirbyggja kerfislæga mismunun á Álandseyjum þarf að vera mikilvægt verkefni stofnana, skóla og vinnuveitenda á Álandseyjum. Í áætlun landsstjórnarinnar um samþættingu kemur fram að rasismi skaðar samfélagið á marga ólíka vegu og að vinna verður markvisst gegn honum.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar ríkisstjórnunum fyrir svarið við tilmælum 18/2024 um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju.

Nefndin er upplýst um að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum deila sjónarmiðum Norðurlandaráðs um mikilvægi þess að berjast gegn rasisma og annarri öfgahyggju með þekkingu og aðgerðum.

Í svarinu er gerð grein fyrir því hvað er að gerast á landsvísu í norrænu löndunum og í samstarfi norrænu ríkisstjórnanna. Nefndin telur þessa greinargerð vera upplýsandi og svara erindi nefndarinnar.

Meðal annars er upplýst um að norrænu dómsmálaráðherrarnir samþykktu í september 2024 áætlun um samstarf á sviði dómsmála fyrir tímabilið 2025-2030. Í áætluninni er lögð sérstök áhersla á að efla réttarríkið og lýðræðisleg gildi sem og að fyrirbyggja og vinna gegn öfgahyggju, hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Ennfremur er upplýst um að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum vilja efla vinnuna gegn mismunun og vernd grundvallarmannréttinda með norrænu samstarfi á sviði dómsmála. Auk þess er í samstarfsáætluninni lögð áhersla á að ofstæki og öfgahópar sem eru reiðubúnir til að beita ofbeldi eru sameiginleg áskorun norrænu landanna.

Sameiginleg áskorun sem ógnar lýðræði og samstöðu á Norðurlöndum krefst samnorrænna lausna og nefndin styður vinnu ríkisstjórnanna á þessu sviði.

Nefndin er auk þess sammála um að best er að fyrirbyggja og vinna gegn glæpum með öflugum norrænu samstarfi. Í því sambandi bendir nefndin á að á meðal undirbúningi norrænu samstarfsáætlunarinnar á sviði dómsmála er að auka þekkingu, bjóða upp á vettvang fyrir þekkingarmiðlun og greina hvar breytinga kann að vera þörf hvað varðar forvarnir og vinnu gegn glæpum, hryðjuverkum og ofstæki. Annað markmið er að vinna saman að þróun rannsóknaraðferða í samræmi við ESB-löggjöf og aðra alþjóðasamninga/mannréttindasamninga. Nefndin fagnar því að samstarfið fari þannig fram á gagnreyndum grundvelli með mikilli þekkingu, fagmennsku og þekkingarmiðlun.



Nefndin telur svör ríkisstjórnanna benda til þess að þær hyggist fylgja eftir tillögnum í skýrslunni um þróun hægriöfgahyggju á Norðurlöndum frá 1918 til dagsins í dag.

Með hliðsjón af þessu álitur nefndin svar við tilmælum 18/2024 um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju *afgreitt* af hálfu ráðsins.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Tone Wilhelmsen Trøen (H)

Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)

Johan Hultberg (M)

Maaret Castrén (saml)

Eva Biaudet (sv)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)

Eva Lindh (S)

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Truls Vasvik (A)

Mikkel Bjørn (DF)

Tobias Drevland Lund (Rødt)